

sakarefni bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi. Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, þannig að sök gæti, ef sönnuð teldist, varðað Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur fangelsisrefsingu.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 eigi til fyrirstöðu beitingar gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. mgr., 1. tölul., 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar máls þessa rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu og gera Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur, fæddri 8. maí 1960, að sæta gæsluvarðhaldi, sem hæfilega telst ákvarðað í allt að 30 dögum frá kl. 2350 þann 10. nóvember 1982 að telja.

Úrskurðarorð:

Ágústa Guðlaug Guðmundsdóttir, fædd 8. maí 1960, til heimilis að Laugavegi 43, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum frá kl. 2350 þann 10. nóvember 1982 að telja.

Fimmtudaginn 18. nóvember 1982.

**Nr. 121/1979. Fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra vegna ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

**Hannesi Kr. Davíðssyni**

**og gagnsök**

(Benedikt Blöndal hrl.).

Þóknun fyrir nefndarstörf.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1979 og gera þær kröfur, að þeir verði sýkn-

aðir af kröfum gagnáfrýjanda gegn greiðslu á 300.00 krónum án vaxta og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1979 og gerir aðallega þær kröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og aðaláfrýjendum dæmt að greiða honum 1.400.00 krónur með 14% ársvöxtum frá 23. júlí 1976 til 21. nóvember 1977, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981 og loks 39% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara gerir gagnáfrýjandi kröfu um aðra lægri fjárhæð úr hendi aðaláfrýjenda eftir mati Hæstaréttar auk vaxta og málskostnaðar samkvæmt framansögðu.

Í skipunarbréfi félagsmálaráðuneytisins til gagnáfrýjanda í nefnd þá, sem hann var skipaður í 21. maí 1973, var þess ekki getið, að laun til nefndarmanna yrðu einhliða ákveðin af svonefndri þóknunarnefnd. Ekki voru heldur nein ákvæði um launafyrirkomulag í bréfi áfrýjanda félagsmálaráðuneytisins til Arkitektafélags Íslands, þar sem farið var fram á tilnefningu fulltrúa í nefndina. Í skjölum málsins kemur fram, að ekki hafi verið rætt um greiðslur, hvorki á fundum nefndarinnar né utan þeirra.

Leggja verður til grundvallar dómi í máli þessu, að gagnáfrýjanda hafi eigi mátt vera ljóst, svo sem mál horfði við honum, að laun fyrir nefndarstörf þau, sem hann leysti af hendi og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, yrðu ákveðin einhliða af stjórnvaldi, eins og raun varð á, enda var félagsmálaráðuneytinu í lófa lagið að greina í skipunarbréfi nefndarinnar, hvernig laun fyrir nefndarstörfin yrðu ákveðin. Þegar eðli og umfang starfa gagnáfrýjanda er virt, og tekið er tillit til, á hvaða tíma þau voru leyst af hendi, þykja laun

hans hæfilega ákveðin 70.000 gamlar krónur með vöxtum, svo sem í dómsorði segir.

Rétt þykir að staðfesta málskostnað fyrir héraðsdómi og dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda 5.000.00 nýkrónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjendur, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Hannesi Kr. Davíðssyni, 700.00 krónur (70.000 gamlar krónur) með 13% ársvöxtum frá 28. júlí 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981 og 39% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms skal óraskað. Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda 5.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1979.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 6. apríl sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 16. nóvember sl., af Hannesi Kr. Davíðssyni arkitekt, Þórukoti, Álftanesi, gegn félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 140.000 með 14% ársvöxtum frá 28. júlí til 21. nóvember 1977, en með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en með 20% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndu krefjast algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins. Til vara krefjast þeir

verulegrar lækkunar stefnukrafna og niðurfellingar málskostnaðar.

Sáttaumleitanir dómsins báru ekki árangur.

Málavextir.

Hinn 21. maí 1973 skipaði félagsmálaráðherra stefnanda í nefnd til að endurskoða lög nr. 19 20. október 1905 um byggingarsamþykktir, lög nr. 108 31. desember 1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verslunarsaðir, og lög nr. 61 31. október 1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur og yrði endurskoðunin við það miðuð, að ein lög um byggingarmál og byggingarsamþykktir gildi fyrir allt landið. Aðdragandi skipunar stefnanda var sá, að hinn 25. september 1972 hafði félagsmálaráðherra farið þess á leit við Arkitektafélag Íslands, að félagið tilnefndi fulltrúa af sinni hálfu til að taka sæti í slíkri nefnd, sem þá átti að vera nefnd fimm manna. Arkitektafélagið ákvað að fara þess á leit við stefnanda, að hann tæki sætið, og féllst hann á það, og var félagsmálaráðherra tilkynnt það með bréfi 29. september 1972. Í bréfi félagsmálaráðuneytis til stefnanda 21. maí 1973 er tekið fram, að nefndarmenn séu nú orðnir níu frá eftirtöldum aðiljum: Arkitektafélagi Íslands, Byggingafræðingafélagi Íslands, landbúnaðarráðuneytinu, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, skipulagsstjórn ríkisins, Tæknifræðingafélagi Íslands, Verkfræðingafélagi Íslands og félagsmálaráðuneytinu. Hallgrímur Dalberg skrifstofustjóri var skipaður formaður nefndarinnar. Til þess að flýta fyrir störfum nefndarinnar skipaði félagsmálaráðherra þriggja manna undirnefnd innan þessarar níu manna nefndar til þess að afla gagna og gera tillögur til hinnar fullskipuðu nefndar. Í undirnefndina voru skipaðir auk formannsins, Hallgríms Dalberg, þeir Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri og Zóphónías Pálsson skipulagsstjóri. Undirnefndin kom fyrst saman 10. júlí 1973 og hélt upp frá því 23 fundi, og var hinn síðasti haldinn 27. mars 1975. Aðalnefndin kom fyrst saman 8. ágúst 1973 og hélt alls 20 fundi, þann síðasta 21. maí 1975. Tveir menn til viðbótar tóku sæti í aðalnefndinni 5. desember 1973, frá Meistarasambandi byggingamanna og frá Sambandi byggingamanna. Nefndin skilaði frumvarpi til byggingarlaga, sem lagt var fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975. Í skipunarbréfi stefnanda var ekki minnst á greiðslu fyrir nefndarstörf, og kom slíkt aldrei til tals á nefndarfundunum og ekki heldur að þeim loknum. Um haustið 1975 var hringt til stefnanda úr ráðuneyt-

inu, og spurði stúlka stefnanda um nafnnúmer. Stefnandi spurði hana um tilefni, og kvaðst hún eiga að senda stefnanda kr. 30.000 fyrir vinnu hans í nefndinni. Stefnandi bað stúlkuna spara sér ómakið og bað stúlkuna skila því til Hallgríms Dalberg, formanns nefndarinnar, að hann frábiði sér þessa greiðslu. Það væri til í dæminu, ef það væri almenn regla, að slíkt væri þegnskylduvinna borgaranna, að gefa ríkinu þessa vinnu, og þá mundi að sjálfsögðu hið sama gilda um alla nefndarmenn, en vinnu sína heimtaði hann greidda að réttum launum. Þetta sagði stefnandi einnig við Hallgrím Dalberg, sem sagði stefnanda, að það hefði verið nefnd, sem hefði úrskurðað þóknunina. Stefnandi vænti þess, að ríkisvaldið sæi að sér og áttaði sig á staðreyndunum og breytti afstöðu sinni. Í júlí 1976 þóttist stefnandi orðinn þess fullviss, að ríkisvaldið mundi ekki ætla að breyta um skoðun í máli þessu, og sendi hann þá reikning til félagsmálaráðuneytisins, dags. 13. júlí 1976, fyrir 70 klst. á kr. 2.000, samtals kr. 140.000, vegna vinnu sinnar í nefndinni. Stefnandi fékk ekki senda greiðslu fyrir reikning þennan, og ítrekaði hann beiðni sína í bréfi, dags. 9. nóvember 1976, og kvaðst fela lögfræðingi sínum innheimtu reikningsins, ef greiðsla bærisk ekki. Lögfræðingur stefnanda sendi fjármálaráðuneyti kröfubréf vegna reikningsins í bréfi, dags. 26. nóvember 1976.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að í skipunarbréfi ráðherra til hans sé þess ekki getið, að nefndinni sé ætlað að starfa launalaust, og reyndar sé ekkert kveðið á um laun nefndarmanna. Ráðherra áskilji sér ekki sjálfðæmi um þóknun nefndarinnar, eins og stundum sé gert, og hafi stefnandi því hlotið að ætla, að störf hans yrðu greidd eftir reikningi. Mikill tími hafi farið til nefndarstarfa. Stefnandi hafi setið 17 fundi af 20, sem haldnir voru, og hann hafi tekið sæti í nefndinni sem sérfræðingur um húsagerðarlist, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands. Hann hafi þannig látið í té þekkingu og vinnu sem sérfræðingur og til þess þurfi að líta, þegar þóknun fyrir starfið sé ákveðin. Mikill tími hafi farið til starfa milli nefndarfundanna til athugunar á gögnum, til lestrar og íhugunar. Eftir atvikum hafi stefnandi talið rétt að reikna sér laun fyrir nefndarstörf í 70 klukkustundir, þótt meiri tími hafi farið til starfsins. Tímakaupið hafi hann sett kr. 2.000, sem hafi verið heldur lægra en meðalverð útseldrar vinnu sérfræðings með þekkingu stefnanda og starfsreynslu á þeim tíma, sem verkið var unnið. Hann sé arkitekt að atvinnu og ekki í þjónustu annarra og verði hann

því að selja vinnu sína fyrir nefndarstörf sama verði og aðra vinnu. Stefnandi leggur áherslu á, að í dómi Hæstaréttar 25. maí 1976 í málinu nr. 108/1974, sem fjallað hafi um hliðstætt ágreiningsefni, hafi Hæstiréttur talið, að nefndarmenn í því máli ættu að sýna fram á, að þóknun sú, sem ákvörðuð hefði verið þeim til handa, væri ósanngjörn, vegna þess að það hafi verið rætt á fyrsta fundi nefndarinnar, að stjórnvöld mundu ákveða þóknunina. Þarna komi munurinn fram, þar sem ekkert hafi verið rætt um þóknun fyrir nefndarstörfin í nefnd þeirri, sem stefnandi átti sæti í, og aldrei hafi verið rætt, hver ætti að ákvarða hana. Sönnunarbyrðin í máli þessu fari eftir þessu og beri því stefnda að sanna, að reikningur stefnanda sé ósanngjarn, sem á engan hátt hafi verið gert af stefnda hálfu.

Stefndu styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að frá árinu 1969 hafi sá háttur verið á hafður, að trúnaðarmenn fjármálaráðuneytisins í svokallaðri þóknanagernd hafi kveðið á um greiðslur fyrir störf manna í nefndum á vegum ríkisins. Þetta taki jafnt til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga sem annarra og þetta sé hin almenna regla, nema sérstök undantekning sé þar frá gerð með ótvíræðum hætti í skipunarbréfi eða lögum. Þessi tilhögun sé alþekkt og hafi stefnandi enga ástæðu haft til þess að ætla, að honum yrðu greidd laun að eigin mati á grundvelli sérþekkingar og starfsreynslu sem arkitekt. Honum hafi sem öðrum mátt vera ljóst, að þóknun fyrir störfin yrði ákveðin af sérstakri nefnd stjórnvalda. Fram komi í framburði stefnanda hér fyrir dómi, að honum hafi verið kunnugt um tilvist svokallaðrar þóknanagerndar og þar með hafi stefnanda verið kunnugt um, að nefnd þessi mundi ákveða honum laun. Þetta sé kjarni málsins, eins og fram komi í dómi þeim, sem málsaðiljar hafi til hliðsjónar og kveðinn hafi verið upp í Hæstarétti 25. maí 1976. Þess vegna sé það stefnanda sjálfs að sýna fram á, að þóknun sú, sem honum hafi verið ákveðin, kr. 30.000, sé ósanngjörn, en það hafi hann ekki sýnt fram á. Fjárhæð þessi hafi verið í fullu samræmi við verðlag og greiðslur fyrir svipuð störf í almannabágu á þessum tíma. Engin rök mæli með því, að stefnandi megi miða störf sín í nefndinni við taxta arkitekta, þar sem þetta séu ekki arkitektastörf, heldur stjórnsýslustörf. Þóknanagerndin hafi í ákvörðun sinni litið fram hjá menntun nefndarmanna og mismuni þeim ekki eftir slíkum forsendum. Fjárhæðir til nefndarmanna hafi verið þannig: kr. 30.000 til hvers hinna almennu nefndarmanna, en kr. 60.000 til Zóphóníasar Pálssonar,

kr. 75.000 til Magnúsar E. Guðjónssonar og kr. 90.000 til Hallgríms Dalberg. Þóknananefndin hafi byggt ákvörðun sína á fjölda fundanna og lengd þeirra og þar sé engin mismunun.

Verði ekki fallist á sýknukröfuna, sé varakrafa stefndu sú, að stefnufjárhæðin verði verulega lækkuð, enda hafi fullyrðing stefnanda um a. m. k. 70 klst. nefndarstörf ekki við nein rök að styðjast. Hann hafi setið 15 fundi og engin heimaverkefni verið sett fyrir.

Niðurstaða.

Í skipunarbréfi til stefnanda í nefnd þá, sem hann átti sæti í frá 21. maí 1973 til 21. maí 1975, var ekki tekið fram, að þóknun fyrir störf í nefndinni yrðu ákveðin af stjórnvöldum. Fram er komið í máli þessu, að um slíkt hafi ekki verið rætt, hvorki á fundum nefndarinnar né utan þeirra. Þegar þetta er virt, er ekki unnt að telja gegn andmælum stefnanda, að sýnt sé fram á, að honum hafi verið ljóst eða átt að vera ljóst, að þóknun fyrir störfin yrði ákveðin af stjórnvöldum. Stefnandi mátti því sjálfur gera reikning fyrir störf sín, og bera stefndu sönnunarbyrði um, að reikningur hans sé ósanngjarn, samkvæmt meginreglu 5. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Stefndu hafa andmælt reikningi stefnanda bæði hvað varðar fjölda klukkustunda og fjárhæðar fyrir hverja klukkustund.

Fundargerðabók nefndarinnar sýnir, að stefnandi hafi setið 15 fundi nefndarinnar og einnig að nefndarmönnum hafi verið afhent gögn til þess að rannsaka og vinna úr milli funda. Þegar þetta er virt, þykir sanngjarnt að reikna með 45 klst. alls í fundarsetur stefnanda og einni klst. í viðbót fyrir hvern fund til ferða og athugunar gagna, og verða það samtals 60 klst. Stefndu mótmæla fjárhæð þeirri, sem stefnandi reiknar fyrir hverja klst., kr. 2.000, og benda á, að ekki eigi að miða við taxta arkitekta, þegar um nefndarstörf stefnanda sé að ræða. Á þessa skoðun verður fallist, þar sem nefndarstörf stefnanda verða að teljast stjórnsýslustörf, en ekki arkitektastörf, þótt stefnandi hafi starfað í nefndinni sem sérfróður um húsagerðarlist, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands. Með hliðsjón af verðlagi og greiðslum fyrir stjórnsýslustörf á þessum tíma má telja sanngjarnt að miða við kr. 1.500 fyrir klst. Reikningur stefnanda telst því sanngjarn kr. 90.000, og verður stefndu gert að greiða þá fjárhæð. Vaxtakrafa stefnanda verður tekin til greina, enda er hún lægri en dráttarvextir þeir, sem ákveðnir hafa verið af Seðlabanka Íslands skv. 1. gr. laga nr. 71/1965.

Eftir þessum málalokum verður stefndu einnig gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 90.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

#### Dómsorð:

Stefndu, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Hannesi Kr. Davíðssyni, kr. 90.000 með 14% ársvöxtum frá 28. júlí 1976 til 21. nóvember 1977, en með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en með 20% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 90.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 23. nóvember 1982.

Nr. 212/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Birgi Vilhjálmsyni og**

**Héðni Kjartanssyni**

(Árni Halldórsson hrl.).

Skurðgrafa. Ákæra fyrir brot gegn umferðarlögum. Sýkna. Sératkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Guðjón Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Ákærði Birgir Vilhjálmsson óskaði áfrýjunar héraðsdóms af sinni hálfu. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinir ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæru og dæmdir til refsingar, sviptingar ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar. Héraðsdómi er áfrýjað til þyngingar refsingu að því er varð-